

Alphaloxan Flex

Teygjanleg síloxan málning



Efnislýsing

Alphaloxan Flex er teygjanleg síloxan akrýlmálning (steinsílanmálning), ætluð til notkunar utanhúss. Í Alphaloxan Flex málningunni sameinast bestu eiginleikar steinefna- og plastmálningar; hún hleypir raka vel í gegnum sig en er regnheldin og afar teygjanleg, jafnvel við lágan lofthita. Hún hentar því mjög vel á netsprungnar múrklæðningar og steinsteypu. Alphaloxan Flex er ætluð til notkunar jafnt á slétta sem grófa fleti. Framleiðendur múrklæðninga mæla eindregið með síloxan málningu á öll múrkerfi, bæði við nýmálun og endurmálun.

Meðhöndlun

Nýmálun

Tryggið að yfirborðið sé laust við ryk og önnur óhreinindi. Ráðlegt er að grunna fyrst ómálaðan múr sem stendur áveðurs með Mur-Sílan (mónósílan). Berið Alpha Aquafix Opaque eða Professional Microdispers á mjög gljúpa og illa bundna fleti. Málið síðan tvær umferðir af Alphaloxan Flex.

Endurmálun

Tryggið að yfirborðið sé laust við ryk og önnur óhreinindi. Málið síðan tvær umferðir af Alphaloxan Flex. Á netsprungna fleti skal grunna fyrst með Alpha Aquafix Opaque áður en málaðar eru 2-3 umferðir af Alphaloxan Flex. Í stærri sprungur skal fylla með sementsbundnu viðgerðarefni, t.d. Husfix og grunna svo með Alpha Aquafix Opaque. Loks skal mála 2-3 umferðir af Alphaloxan Flex.

**Sjá einnig verklýsingarblöð um málun á múrklæðningum, steinsteypu, sprungnum veggjum og vatnsbrettum á heimasíðu Sérefna.*

Heilsufars- og umhverfismál

Lokið fötunni vandlega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Tegund: Síloxan akrýl

Gljástig: Matt - safín

Bindiefni: Síloxan akrýl

Öndunareiginleikar: $\mu\text{m d. H}_2\text{O}$: 0,016 m, $\mu\text{m d. CO}_2$ 0,1 m (tvær umferðir)

Sveigjanleiki: 300% við 23°C; 80% við 0°C

Hiti við málun: 8-35°C

Verkfæri: Penslar, rúllur eða málningsprautur

Sprautun: Þynnið mest 15%. Þrýstingur: 160-180 bör. Spíssastærð: 0,017-0,019"

Þynning: Vatn. Mest 5% þegar penslar og rúllur eru notaðar

Ráðlögð þykkt: Þurr: U.þ.b. 100 míkrón

Yfirmálun: Eftir u.þ.b. 8-12 klst

Seigja: 130-140 KU

Þéttleiki: U.þ.b. 1,48 kg/dm³

Þurrefni: U.þ.b. 69% af vigt

Þekja: 6-9 m²/L. Efnisþörf veltur á undirlagi og aðferð við málun. Mælt er með að prófa efnið á litlum bletti áður en verkið hefst

Litur: Allir litir

Umbúðir: 10 lítra fötur

Hreinsun verkfæra: Vatn

Geymsla: Í þurru, frostfríu rými (5-30°C)

Rokgjörn lífræn efni (VOC): EB hámark fyrir þessa vöru er (fl. A/c) 40 g/l (2010). Inniheldur mest 10 g/l